

Úr frétt Stundarinnar: „Norsk mengunarlöggjöf hefur verið hert jafnt og þétt undanfarna tvo áratugi. Hafa refsingar stöðugt verið þyngdar með árunum, sem gera stjórnendur persónulega ábyrga fyrir því ef fyrirtæki þeirra brjóta mengunarlög. Ekkert í líkingu við þessi úrræði er í boði fyrir þá sem hafa yfirumsjón með mengunareftirliti á Íslandi.“

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Íslensk mengunarlöggjöf er á allan máta sambærileg og norsk löggjöf enda byggja þær báðar á sama grunni sem er mengunarlöggjöf Evrópusambandsins. Löggjöfin hefur verið í stöðugri þróun, nú síðast með tilskipun Evrópusambandsins um losun frá iðnaði frá 2010 (Industrial emission directive).

Í [lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir](#) eru ákvæði um þvingunarúrræði sem hægt er að beita verði fyrirtæki uppvis að brotum. Þessum þvingunarúrræðum hefur margsinnis verið beitt af hálfu eftirlitsaðila á Íslandi með ágætum árangri.

Í lögnum eru einnig viðurlög þar sem fram kemur að hægt sé að refsa fyrir brot gegn ákvæðum laga og reglugerða hvort sem þau eru framin af gáleysi eða ásetningi. Viðurlögin eru sektir eða fangelsi allt að 4 árum.

Úr frétt Stundarinnar: „Í Noregi er fyrirkomulagið þannig að fyrirtæki fær starfsleyfi sem er sniðið af yfirvöldum, og fær þar leyfi fyrir því að sleppa út ákveðnu magni af mengun út í náttúruna á ári hverju. Er þar um að ræða útblástur, frárennsli og annað því um líkt. Fyrirtækið þarf að leggja fram áætlun um vöktun á þessari losun. Opinberir eftirlitsaðilar geta svo komið hvenær sem er á svæðið og óskað eftir niðurstöðum frá því eftirliti, sjálfir tekið sýni til að sannreyna niðurstöður og svo framvegis.“

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Nákvæmlega sama fyrirkomulag er á Íslandi og er við lýði í Noregi. Eftirlit og starfsleyfisútgáfa Umhverfisstofnunar var tekin út af IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar) að ósk stofnunarinnar í ágúst 2012. Skýrsla IMPEL um úttektina var samþykkt á fundi samtakanna á Kýpur í byrjun desember 2012.

Meginniðurstöður skýrslunnar voru þær að uppbygging og framkvæmd eftirlits og starfsleyfisútgáfu héraendis sé sambærilegt því sem gerist í Evrópu og uppfyllir lágmarksviðmið, markmið ESB umhverfisréttar á starfssviði Umhverfisstofnunar séu uppfyllt og fyrirkomulag eftirlits og eftirfylgni er í meginatriðum í samræmi við tilmæli EB (RMCEI: Recommendation for Minimum Criteria for Environmental Inspections).

Hlekkur á skýrsluna [er hér](#).

Úr frétt Stundarinnar: „Komi í ljós að raunveruleg losun spilliefna sé hærrí en leyfi sé fyrir fer eftir aðstæðum hvort viðkomandi fyrirtæki fái ákveðinn tíma til að koma sínum málum í lag, eða hvort brotin teljist alvarlegri og það getur þá kostað starfsleyfi og hegningu, samkvæmt lögum um mengun og mengunarvarnir með stoð í hegningarlögum. Gerist fyrirtæki svo ítrekað brotleg er einnig heimild í sömu lögum að refsa stjórnendum þeirra, til að mynda með fangelsisvist.“

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Eins og fram kom að ofan um lög og reglugerðir þá er sama framkvæmd viðhöfð hér á landi. Séu fyrirtæki uppvis að frávikum frá starfsleyfi eru þau skráð í eftirlitsskýrslur sem eru aðgengilegar almenningi, og þeim fylgt eftir með þvingunarúrræðum. Eins er möguleiki á að kæra brot til lögreglu og beita viðurlögum þó ekki séu mörg dæmi um slíkt á Íslandi.

Úr frétt Stundarinnar: „Umræður um iðjuver og framkvæmd mengunareftirlits á Íslandi hafa ekki farið framhjá Hilmar. Eftir að hafa lesið vöktunarskýrslur álversins á Grundartanga fyrir árið 2014 segir hann greinilegt að álverið sé að menga í auknum mæli. „Það segja skýrsluhöfundar berum orðum.““

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Rétt er að benda á að sú vöktunarskýrsla sem hér er vísað til greinir eingöngu frá umhverfisvöktun á svæðinu eða svokallaðri ytri vöktun og er það tilgangur skýrslunnar.

Rétt er að gera skýran greinarmun á þeirri innri vöktun sem fer innan fyrirtækisins á beinni losun frá framleiðsluferlum, þ.e. vöktun á mengun frá reykheinsivirkjum og strompum, frá þakopum og frá öðrum reykuppsprettum, og ytri vöktum það er vöktun á álagi á umhverfið vegna utanaðkomandi mengunar.

Ágætlega er gert grein fyrir niðurstöðum innri vöktunar í grænu bókhaldi og árskýrslum fyrirtækjanna á Grundartanga, sem og, í tilfelli álvera, í ársfjórðungsskýrslum, sem sendar eru ársfjórðungslega til eftirlitsaðila. Aðgangur að þessum gögnum er opin almenningi á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Greinilegt er af fréttinni að hvorki fréttamaður né viðmælandi hafi skoðað þessar skýrslur sem gefa greinilega til kynna að bein losun mengandi efna frá starfseminni á Grundartanga er ekki að aukast og er í öllum tilfellum innan þeirra viðmiðunarmarka sem gefin eru upp í starfsleyfi.

Í starfsleyfum fyrirtækjanna eru sett losunarmörk sem tengjast heildarframleiðslu og fylgst er með losun skv. mæliáætlun sem fyrirtækin hafa sett upp. Fyrirtæki eins og álver reka sjálf símæla sem mæla losun ryks, flúors og brennisteins til lofts allan sólarhringinn allan ársins hring. Þessir mælur eru kvarðaðir á 3ja ára fresti af vottuðum þriðja aðila. Á hverju ári fara einnig fram samanburðarmælingar af hálfu þriðja aðila. Niðurstöður símælinga og mælinga þriðja aðila eru aðgengilegar eftirlitsaðila sem fer yfir niðurstöður bæði í eftirliti og eins við svokallað skrifborðseftirlit. Ef farið er fyrir losunarmörk í starfsleyfi er frávík skráð og því fylgt eftir af hálfu eftirlitsaðila.

Úr frétt Stundarinnar: „Segir hann að það hringi viðvörunarbjöllum hjá sér að skýrsluhöfundar beri niðurstöður skýrslanna einungis saman við rekstrarleyfið, og segi á mörgum stöðum að hvergi sé að finna íslensk viðmiðunarmörk. „Þar sem ekki finnast íslensk viðmiðunarmörk er alvanalegt að bera saman við önnur þekkt og viðurkennd viðmiðunarmörk, eins og til dæmis Evrópureglugerðir. Það er ekki gert á Íslandi, og það finnst mér skrítið.““

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Það er rétt sem kemur fram að íslensk viðmið eru ekki alltaf til fyrir umhverfismörk ákveðinna efna. Á Íslandi eru viðmiðunarmörk úr stöðlum og evrópureglugerðum notuð þegar það á við. Fullyrðingar um annað eru hreinlega rangar. Ef engin mörk eru til er þróunin skoðuð og getur þróun á uppsöfnun mengunarefna gefið góðar vísendingar um mengunarálag. Þá eru niðurstöður umhverfisvöktunar bornar saman við sambærilegar rannsóknir annarsstaðar.

Úr frétt Stundarinnar: „Samanburður hans á starfsleyfi álvers sem staðsett er nálægt Kristiansand í Noregi og starfsleyfi álversins á Grundartanga vakti einnig athygli Hilmars. Segir hann að þar sé margt sem orki tvímælis, og yfirleitt snýr það að því fyrirkomulagi að álver á Íslandi hafi sjálf eftirlit með menguninni sem þau valda.““

Hér skal aftur tekið fram að framkvæmd Evrópureglna um starfsleyfisútgáfu á Íslandi er í fullkomnu samræmi við það sem gerist annarsstaðar í Evrópu.

Símælingar og mælingar þriðja aðila eru einnig við lýði í álverum í Noregi eins og hér á Íslandi. Mælingar eru yfirfarnar af þriðja aðila, símælibúnaður er kvarðaður af vottuðum aðila og þriðji aðili kemur og gerir reglubundnar mælingar. Fullyrðing um að álver á Íslandi hafi sjálf eftirlit með menguninni sem þau valda er því í eðli sínu röng.

Úr frétt Stundarinnar: „Í norska starfsleyfinu kemur fram að mæla skuli alla losun frá álverinu, og miða við norska staðla, séu þeir ekki til skuli stuðst við alþjóðlega staðla.“

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Í íslenskum starfsleyfum álvera kemur fram að að mæla skuli alla losun frá álverum og að fyrirtækin skuli uppfylla ákvæði um bestu fánlega tækni (BAT). Ákvæðin um bestu fánlegu tækni snúa að losun og mengunarvörnum og alþjóðlegum stöðlum. Sömu kröfur eru því gerðar til íslenskra álvera og þeirra norsku.

Úr frétt Stundarinnar: „Í starfsleyfi Norðuráls eru 52 mæliþættir, þar á meðal andrúmsloft, úrkoma, ferskvatn, sjór við flæðigryfjur, klapparreitir, gróður, hey og grasbítar. Fyrir 23 mæliþætti eru hins vegar engin ákvæði í íslenskum reglugerðum og starfsleyfum til að miða við, og eru þær mælingar því án viðmiðunar. Þeir þættir þar sem engin ákvæði eru til staðar eru meðal annars úrkoma, klapparreitir, gróður, grasbítar, sem og leiðni í ferskvatni, blásýra í sjó og brennisteinn í heyi.

Það að engir mengunarstaðlar séu til á landinu, og að þeir aðilar sem sjá um að setja vöktunarskýrslurnar saman kjósa að nota ekki alþjóðlega staðla af einhverjum sökum, gerir það að verkum að mengun í þessum þáttum miðast ekki við neitt. Mælingar sem koma úr þeim þáttum standa því stakar, án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvort mengunin sé mikil eða lítil.“

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Í starfsleyfi Norðuráls kemur fram að fyrirtæki skuli taka þátt í sameiginlegri Umhverfissvöktun á svæðinu og eru nákvæmir mæliþættir ekki tilgreindir í starfsleyfinu. Hér er um að ræða áætlun um svokallaða ytri vöktun sem eins og áður hefur verið bent á, vöktun á umhverfi án tillits til losunar. Áætlun um Umhverfissvöktun er yfirfarin og samþykkt af Umhverfisstofnun. Allar mælingar og rannsóknir sem gerðar eru í umhverfissvöktuninni eru framkvæmdar af rannsóknaraðilum sem eru sérfræðingar á sínu sviði. T.d. sér Nýsköpunarmiðstöð Íslands um loftgæðavöktun og vöktun ferskvatns, Náttúrufræðistofnun um vöktun klappareita og rannsóknamiðstöðin á Keldum um vöktun á flúor í beinum grasbíta.

Eins og áður hefur komið fram er notast við alþjóðlega staðla allsstaðar þar sem þeir eru til staðar. Þar sem þeir eru ekki til staðar er fylgst með þróun á uppsöfnun mengandi efna. Umhverfissvöktun á Grundartangasvæðinu hefur farið fram síðan 1998 eða í 16 ár og hafa mikilvæg gögn safnast fyrir um uppsöfnun mengandi efna og þau áhrif sem mengun frá iðnaðarstarfssemi á Grundartanga er að hafa á svæðinu. Árið 1997, áður en álverið á Grundartanga hóf starfssemi, fór fram umfangsmikil bakgrunnsrannsókn og er miðað við niðurstöður hennar þegar þarf að ákvarða hvort um sé að ræða mikla eða litla mengun.

Úr frétt Stundarinnar: „Í íslenska starfsleyfinu er listi yfir þungmálma og önnur eiturefni sem óskað er eftir að álverið hafi eftirlit með losun hjá sjálfu sér, án þess þó að sett séu nokkur efri mörk á gildi þessara efna. Í norska starfsleyfinu er hins vegar tekið fram nákvæmlega hversu mikið af þessum efnum álverið má losa miðað við framleidd tonn af áli.

Úr frétt Stundarinnar: „Munur er á nálgun Norðmanna og Íslendinga. Ekki eru til gildi fyrir tæpan helming vöktunarþáttanna í vöktunarskýrslum hér á landi, og er engin kvöð sett á álverin, sem sjá

*alfarið sjálf um að mæla sína mengun, að leita út fyrir landsteinanna til þess að finna aðra staðla til að miða sína mengun við.“*

*„Það sem þeir velja að gera ekki er að mæla nákvæmlega hvað álverið losar frá sér.“*

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Eins og áður hefur verið lýst er gerður greinarmunur á innri vöktun og ytri vöktun. Það er rétt að ekki eru alltaf til umhverfismörk fyrir mengandi efni í umhverfinu en eins og kom fram hér að ofan þá er unnt að bera magn þeirra mengandi efna sem mælast í kræklingi nú, saman við magn mengandi efna í kræklingi sem mæld voru fyrir 12 árum og meta hvort mengunarág er til staðar.

Hins vegar eru til skýr losunarmörk um það sem fyrirtækin losa frá beinum framleiðsluferlum, og fylgst er með í innri vöktun. Þau losunarmörk eru sett í starfsleyfi eða vísað til þeirra í kröfum um bestu fáanlegu tækni (BAT).

Fullyrðing um að ekki sé verið að mæla hvað álverin séu að losa frá sér er því kolröng og er hægt að vísa til ársskýrslna, græns bókhalds, sem og ársfjórðungsskýrslna um losun sem álverum er skylt að senda til Umhverfisstofnunar. Öll þessi gögn eru aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar: <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/>

*Úr frétt Stundarinnar: „Það sem stuðar mig við lestur skýrslu EFLU [verkfræðistofunnar sem álverið ræður til þess að vinna vöktunarskýrsluna um sig. innsk.blm] er að þeir mæla allt í loft- og vatnsgæðum á ákveðnum stöðum í vissri fjarlægð frá álverinu. Það er aðferðafræði sem er notuð við að kortleggja umhverfisáhrif og ágæt sem slík.“ Segir Hilmar að sú aðferð sé hins vegar takmörkuð, þar sem með henni sé ómögulegt að mæla hversu mikil heildarlosun álversins sé: „Það sem þeir velja að gera ekki er að mæla nákvæmlega hvað álverið losar frá sér. Í staðinn mæla þeir mengunina í úthynntu magni einhvers staðar annars staðar.“*

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Tilgangur Umhverfisvöktunarinnar er að kortleggja umhverfisáhrif. Í skýrslu EFLU er greint frá einni umfangsmestu kortlagningu umhverfisáhrifa sem fram fer á Íslandi og hefur þessi kortlagning farið frá frá árinu 1998.

Upplýsingar um heildarlosun álvera er eins og áður hefur komið fram að finna í ársskýrslum, grænu bókhaldi og ársfjórðungsskýrslum sem álverum er skylt að senda til Umhverfisstofnunar. Allar þessar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

*Úr frétt Stundarinnar: „Í íslenska starfsleyfinu eru þó drög að mæliáætlun álversins, þar sem markmiðið er sagt vera að hafa mælingar á losun frá álverinu miðuð við kíló á ári. Ekkert af þeim drögum endaði þó sem framkvæmd í vöktunarskýrslum EFLA, „enda drög ekki sama og krafa,“ eins og Hilmar segir. Þess vegna sleppur mestur hluti þeirrar mengunar sem álverið lætur frá sér í formi útblásturs og frárennslis frá verksmiðjunni án þess að vera mældur.*

*„Það sem er staðreynd í málinu er að það kemur útblástur og frárennsli frá verksmiðjunni og það er ekkert flókið að reikna umfang útblásturs og efnasamsetninguna og reikna út hversu mörg grömm eða kíló verksmiðjan sleppir út á hverju ári af hverju efni fyrir sig.“*

**Athugasemd Umhverfisstofnunar:** Hér hefði verið gott ef blaðamaður eða heimildarmaður hans hefðu kynnt sér ársskýrslur og upplýsingar um losun álversins á Grundartanga sem finna má eins og áður hefur komið fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Þá hefðu þeir báðir áttað sig á að fullyrðingarnar hér að ofan eru rangar og í engu samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er hér á landi við eftirlit með losun mengandi efna frá iðnaði.

Til að útskýra betur mun á umhverfisvöktun og vöktun á losun sem og til að upplýsa um hvernig eftirlit með mengandi starfssemi fer fram á Íslandi hefur Umhverfisstofnun tekið saman eftirfarandi punkta til upplýsingar:

### ***Hvað er átt við með umhverfisvöktun?***

Til viðbótar við innri mælingar og eftirlit með losun frá iðnaði á svæðinu er ástand umhverfisins í nágrenni þess vaktað með reglubundnum hætti. Þessar mælingar eru til að meta ástand umhverfissins, greina mögulega uppsöfnun mengunarefna í viðtaka og sannreyna að losun frá fyrirtækjunum hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.

### ***Umhverfisvöktun er ekki sama og mælingar á losun frá iðjuverum.***

Í starfsleyfi iðjuveranna á Grundartanga er kveðið á um gera skuli reglubundnar mælingar á helstu mengunarefnum frá tilteknu fyrirtæki. Í starfsleyfunum eru sett skilyrði fyrir því sem skuli tilgreina að lágmarki í mæliáætlun en heildstæð mæliáætlun er svo gefin út og uppfærð eftir þörfum sem fylgiskjal við starfsleyfið. Þar eru tilgreindir þeir mæliþættir sem mæla skuli, tíðni, aðferðafræði og kvörðun ásamt korti sem sýnir staðsetningu mælinga. Í starfsleyfunum er jafnframt kveðið á um reglubundin skýrsluskil um niðurstöður mengunarmælinganna til Umhverfisstofnunar. Fyrirtækin bera sjálf ábyrgð á daglegu eftirliti með virkni mengunarvarnarbúnaðarins og losun frá verksmiðjunni þar sem að mikilvægt er að rekstraraðili hafi þekkingu á sinni starfsemi og unnt sé að bregðast við um leið og eitthvað bregður út af. Öll mengunaróhöpp skulu tilkynnt til Umhverfisstofnunar sem hefur eftirlit með að brugðist sé við á tímanlega og á réttan hátt við slíkum mengunaróhöppum.

### ***Í hverju felst eftirlit Umhverfisstofnunar?***

Starfsleyfi iðjuveranna fyrirtækjanna eru leyfi til að menga innan skilgreindra marka sem miða að því að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfin og hefur eftirlit með að skilyrðum þeirra sé framfylgt. Þegar nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út er kveðið á um að fylgiskjöl, þ.e. mæliáætlun (innri mælingar), viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, áætlun vegna rekstrarstöðvunar, umhverfisvöktunaráætlun ofl. séu til staðar. Þessar áætlanir skulu samþykktar af Umhverfisstofnun en samþykki er ekki veitt fyrir en kröfum Umhverfisstofnunar hefur verið mætt að fullu.

Segja má að eftirlitið skiptist í tvo þætti. Annars vegar felur eftirlitið í sér móttöku gagna og samskipti við fyrirtækið (eftirlit við skrifborðið) og hins vegar eftirlitsúttektir á staðnum. Eins og fyrr segir er kveðið á um að fyrirtækið skili gögnum um mælingar á losun með reglubundnum hætti. Þessi gögn eru yfirfarin af eftirlitsaðila sem rýnir í upplýsingarnar, aðferðafræði við mælingar og úrvinnslu gagnanna. Í upphafi hvers árs setur Umhverfisstofnun sér markmið um helstu áherslur í eftirliti ársins sem geta verið mismunandi eftir árum. Þær áherslur eru hafðar til viðmiðunar en svo metið hverju sinni hvað þurfi að skoða sérstaklega hjá tilteknu fyrirtæki.

Í reglugerð um mengunarvarnaeftirlit er kveðið á um tíðni eftirlitsferða en innleiðing nýrrar evróputilskipunar um samþættar mengunarvarnir í iðnaði er í undirbúningi þar sem að kveðið er á um að tíðni eftirlitsferða skuli metin út frá áhættumati og hefur

Umhverfisstofnun hafið undirbúning að þeirri vinnu. Til viðbótar við reglubundin eftirlit fer Umhverfisstofnun í fyrirvaralaus eftirlit t.d. vegna mengunaróhappa, eftirfylgni frávíka ofl. Í eftirlitsferðunum (úttektunum) er unnin eftirlitsskýrsla sem birt er á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Öll frávik sem upp kunna að koma í eftirliti eru skráð í eftirlitsskýrsluna og fylgt eftir. Umhverfisstofnun getur gripið til þvingunarúrræða ef ekki er brugðist við frávikum með fullnægjandi hætti. Slík þvingunarúrræði eru t.d. dagsektir, takmörkun á starfsemi og jafnvel svipting starfsleyfis.